

**Samvinnuverkefni um umhverfisáhrif  
jarðhitánýtingar, verkþættir í ársáfangi 1997  
og uppgjör átaksverks**

**Hrefna Kristmannsdóttir**

**Greinargerð HK-96-11**

**SAMVINNUVERKEFNI UM UMHVERFISÁHRIF JARÐHITANÝTINGAR, VERKÞÆTTIR Í ÁRSÁFANGA 1997 OG UPPGJÖR ÁTAKSVERKS.**

Samvinnuverkefni um Umhverfisáhrif Jarðhitanytingar var sett af stað sem átaksverkefni til nokkurra ára og við upphaf verkefnisins voru skilgreind þau markmið, sem samvinnuaðilarnir hugðust ná innan átaksverkefnisins. Þau markmið voru einkum að koma rannsóknum á helstu þáttum umhverfisáhrifa í fastan farveg á virkjunarsvæðum samvinnuaðila. Í því því fólust m.a. mælingar á grunngildum mengunarefna, að koma upp viðmiðunargrunni fyrir hæðar- og þyngdarmælingar og gera tillögur um framtíðareftirlit með umhverfisáhrifum jarðhitavinnslunnar á hverjum stað. Einnig voru sett fram markmið um umhverfisrannsóknir á óvirkjuðum svæðum, sem þó eru langtímaverk og falla því út fyrir ramma átaksverksins. Hins vegar voru allir aðilar sammála um mikilvægi þess að koma umhverfisþættinum inn í val á virkjunarsvæðum framtíðarinnar og því væri nauðsynlegt að koma á umhverfisrannsóknum á þeim óvirkjuðu svæðum, sem til greina kemur að virkja á næstu áratugum.

Í langtímaáætlun, sem samin var 1994, var áætlað að ljúka átaksverkinu að mestu á árinu 1997, en fram yrði haldið, helst í auknum mæli, umhverfisrannsóknum á óvirkjuðum svæðum, enda verða þær væntanlega unnar alfarið á kostnað ríkisins. Einnig yrði unnið áfram að ákveðnum samvinnuverkum á umhverfisviði milli Orkustofnunar og einstakra virkjunaraðila. Í verkáætlun ársins 1996 var gert ráð fyrir að ljúka úrvinnslu gasverks og fjarkönnunarverks að mestu á því ári og þar með væri náð flestum þeirra sameiginlegu markmiða, sem aðilarnir höfðu sett sér í átaksverkinu. Nú er ljóst að töf hefur orðið á báðum þessum verkefnum og verður þeim fyrirsjáanlega ekki lokið fyrr en á næsta ári. Samið hefur verið um að þessir verkþættir flytjist yfir á árið 1997. Uppgjör á þeim fer fram um mitt næsta ár.

Aðilar eru þó sammála um að stefna að því að gera upp átaksverkið sem slíkt á árinu 1997. Jafnframt því uppgjóri verði haldin ráðstefna um helstu niðurstöður verksins og gefin út samantektarskýrsla. Raunhæft virðist að sá fundur geti farið fram um mitt ár 1997. Líklega er þó skynsamlegra að miða við september 1997, þar sem tímasetning að sumarlagi er ekki heppileg.

Að því verki að skrifa lokaskýrslu þurfa að koma u.þ.b. 15 manns og enn fleiri munu taka þátt í samningu erinda. Að hluta til er um að ræða eigin vinnu samstarfsaðila á orkufyrirtækjunum og að hluta til vinnuframlag frá stofnunum, einkum Orkustofnun. Mjög erfitt er að áætla eðlileg mörk á þessari vinnu, en hér er reiknað með að 4 aðilar leggi fram verulegt vinnuframlag ( 50-150 t) og 12 mun minna (10-50 t). Reiknað er með að lokafundurinn verði í sal úti í bæ og að veitt verði kaffi, en ekki matur. Reiknað er með að fundurinn verði opinn öllum áhugasömum og auglýstur bæði hjá Orkufyrirtækjunum, stofnununum og víðar. Búast má því við að hann verði nokkuð fjölmennur, 50-100 manns.

Reiknað er með að lokaskýrsla verði nokkuð vegleg og er m.a. gert ráð fyrir nokkrum litmyndum. Hún verður gefin út í um 100 eintökum.

Með áðurnefndum forsendum er kostnaður reiknaður þannig:

**Kostnaðaráætlun:**

Vinna lögð fram af samvinnuaðilum	300 t	937.200,- kr
Vinna á Orkustofnun	600 t	1.949.550,-
Vinna annarra stofnana	100 t	312.400,-
Útgáfukostnaður		70.000,-
Fundarkostnaður		50.000,-
		-----
Samtals		3.319.150,- kr

**Skipting kostnaðar:**

Framlag Orkustofnunar		779.820,- kr
Framlag annarra stofnana		124.960,-
Framlag orkufyrirtækja	3x 804.790,-	2.414.370,-
		-----
Samtals		3.319.150,- kr